

Utanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd**
Sendandi: **Utanríkisráðuneytið**
Dagsetning: **01.11.2011**
Málsnúmer: **UTN10090015**
Bréfalykill: **97.P.509**

Efni: **Um viðurkenningu á Palestínuríki, aðild að Sameinuðu þjóðunum og Menningarmálastofnun SP (UNESCO)**

Samkvæmt beiðni utanríkismálanefndar fer hér á eftir yfirlit um opinbera afstöðu Evrópusambandsins og einstakra aðildarríkja þess, auk afstöðu Noregs, til sjálfstæðis Palestínu og aðildar Palestínu að Sameinuðu þjóðunum.

ESB

Hinn 23. maí 2011 ályktaði ráðherraráð ESB (*Council of the European Union*) um málefni Palestínu. Í yfirlýsingu ráðsins er lýst stuðningi við tveggja ríkja lausnina, þar sem Ísrael og sjálfstætt og fullvalda Palestínuríki njóti gagnkvæmrar viðurkenningar og búi við frið og öryggi, hlið við hlið. Jafnframt er því lýst yfir að friðarsamningar séu besta leiðin til að tryggja varanlega lausn á deilu Ísraels og Palestínumanna.

Hinn 29. september 2011 samþykkti Evrópuþingið ályktun þar sem réttur Palestínumanna til sjálfstæðis er áréttaður. Í ályktuninni er meðal annars hvatt til þess að aðildarríki ESB standi saman í viðbrögðum sínum við réttmætri kröfu Palestínumanna um að ríki þeirra eigi aðild að Sameinuðu þjóðunum.

Austurríki

Í ræðu sinni á allsherjarþingi SP hafnaði utanríkisráðherra Austurríkis, Michael Spindelegger, einhliða aðgerðum Palestínumanna, og sagði að eina lausnin væri að hefja tvíhliða friðarviðræður á ný. Hann lýsti einnig yfir stuðningi við síðustu yfirlýsingu Kwartettsins um að aðilar hæfu friðarviðræður sem fyrst.

Belgía

Steven Vanackere utanríkisráðherra hefur sagt að það sé ekki lengur hægt að líta framhjá stöðu Palestínu sem sjálfstæðs ríkis og Yves Leterme forsætisráðherra hefur lofað að hækka stöðu sendinefndar Palestínu í Brussel.

Belgíska þingið ályktaði í júlí 2011 um sjálfstæði Palestínu og hvatti ríkisstjórnina til þess að viðurkenna landið innan landamæranna frá 1967 við fyrsta tækifæri.

Bretland

William Hague, utanríkisráðherra, sagði hinn 19. september 2011 að þó að Bretar styðji

tveggja ríkja lausnina vilji þeir frekar sjá friðarviðræður hafnar á ný heldur en taka málið upp á vettvangi SP. Mikilvægt væri að tryggja öryggi og frið í Ísrael þegar palestínsk ríki verði að veruleika. Hague vildi setja þrýsting á báða aðila til þess að snúa aftur að samningaborðinu og sagði að ályktun um viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu innan SP muni aðeins leiða til frekari átaka.

David Cameron, forsætisráðherra, hefur gagnrýnt framferði Ísraela og í júlí 2010 lýsti hann meðal annars því yfir að umsátur Ísraela hafi breytt Gasa svæðinu í fangabúðir.

Búlgaría

Utanríkisráðherra Búlgaríu, Nickolay Mladenov, gagnrýndi hinn 18. september sl. einhliða umsókn Palestínu um aðild að SP en sagðist ekki vilja kynna opinbera afstöðu Búlgaríu fyrir en endanlegur texti ályktunardraga lægi fyrir.

Búlgaría viðurkenndi Palestínu sem sjálfstætt ríki árið 1988.

Danmörk

Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra, sagði í stefnuræðu sinni í október 2011 að Danmörk muni áfram vinna með öðrum ESB-ríkjum að viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu. Villy Søvndal, utanríkisráðherra, hefur í viðtölum við danska fjölmiðla ítrekað stuðning Dana við sjálfstæði Palestínu. Hefur hann sagt að dönsk stjórnvöld hyggist efla stuðning fyrir viðurkenningu meðal aðildaríkja ESB. Fyrir kosningar lýsti Søvndal þeirri afstöðu sinni að náist ekki eining í hópi ESB ríkjanna kjósi hann einhliða viðurkenningu af hálfu Dana.

Eistland

Í fréttatilkynningu hinn 10. október sl. sagði Urmas Paet, utanríkisráðherra, að tvíhliða friðarviðræður á milli Ísrael og Palestínu yrðu að hefjast á ný og hann hefur áður sagt að lausnin á deilunni verði að fela í sér sjálfstæði og öryggi fyrir bæði Palestínu og Ísrael. Eistnesk stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau muni ekki taka opinbera afstöðu um fulla áheyrnaraðild Palestínu að SP fyrr en texti ályktunardraga í allsherjarþinginu liggur fyrir.

Finnland

Forseti Finnlands, Tarja Halonen, sagði hinn 17. september sl. í viðtali við Helsingin Sanomat að Finnland gæti viðurkennt Palestínu og hefur hvatt til meiri stuðnings við sjálfstæði Palestínu innan ESB. Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra, skrifaði í júní 2011 – áður en hann var skipaður ráðherra – undir yfirlýsingu sem hvatti ESB til að styðja hugsanlega aðildarumsókn Palestínnumanna að SP.

Frakkland

Forseti Frakklands, Nicolas Sarkozy, sagði á allsherjarþingi SP að óskir Palestínnumanna um sjálfstætt ríki væru lögmætar. Hann varaði við aðild Palestínu að SP en lýsti stuðningi við fulla áheyrnaraðild að SP (*non-member state*). Í ræðu sinni lagði hann áherslu á að finna verði lausn deilunnar í samningaviðræðum. Palestínnumenn verði að staðfesta tilverurétt Ísraelsríkis og Ísraelar verði að sýna í verki sambærilegan sáttavilja. Markmiðið sé tveggja ríkja lausn byggð á landamærunum frá 1967.

Grikkland

Stavros Lambrinidis, utanríkisráðherra, sagði á allsherjarþingi SP að Grikkland styðji óskir Palestínu um sjálfstæði og aðild að SP. Hann sagði að sjálfstæði væri réttur Palestínnumanna

og það væri nú skylda aðildarríkja SP að virða óskir þeirra um aðild og jafnframt nýta þennan möguleika til að hefja friðarviðræður á ný.

Holland

Uri Rosenthal, utanríkisráðherra, hefur lýst áhyggjum af þróun friðarferlisins vegna einhliða ákvörðunar Palestínu um að sækja um aðild að SP. Rosenthal hefur hvatt Palestínumenn til að hefja aftur friðarviðræður við Ísrael án skilyrða.

Írland

Utanríkisráðherra Írlands, Eamon Gilmore, lýsti yfir stuðningi við sjálfstæði Palestínu í ræðu sinni á allsherjarþingi SP þann 26. september sl. og bætti við að írsk stjórnvöld hafi stutt sjálfstæði Palestínumanna undanfarin 30 ár.

Mikil samstaða er um stuðning við sjálfstæði Palestínu á Írlandi, en helstu stjórnarandstöðuflokkar landsins, *Fianna Fáil* og *Sinn Féin*, hafa lýst ánægju með ræðu utanríkisráðherrans og sagt að yfirlýsingin hefði jafnvel getað komið fyrr.

Ítalía

Á allsherjarþingi SP sagði Franco Frattini, utanríkisráðherra, að Ítalía muni halda áfram að styðja tilraunir Bandaríkjamanna um nýjar friðarviðræður án breytinga á stöðu Palestínu innan SP. Í tilefni heimsóknar forsætisráðherra Ísraels, Benjamin Netanyahu, til Ítalíu staðfesti Silvio Berlusconi að Ítalía muni ekki styðja ályktun um Palestínu ef til atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu kæmi.

Kýpur

Í janúar 2011 sagði forseti Kýpur, Dimetris Christofias, í bréfi til Mahmoud Abbas að Kýpur viðurkenni Palestínu sem sjálfstætt ríki miðað við landamærin frá 1967, með Austur-Jerúsalem sem höfuðborg. Christofias staðfesti einnig þá afstöðu ríkisstjórnar Kýpur að landið viðurkenni ekki neinar aðgerðir Ísraels á svæðunum sem Ísrael hertók árið 1967.

Kýpur viðurkenndi sjálfstæði Palestínu árið 1988.

Lettland

Þáverandi utanríkisráðherra, Girts Valdis Kristovskis, tók undir þá afstöðu utanríkismálanefndar ráðherraráðs Evrópusambandsins að Ísrael og Palestínumenn haldi friðarviðræðum áfram svo að samkomulag liggi fyrir í síðasta lagi í lok árs 2012.

Litháen

Audronius Ažubalis, utanríkisráðherra, sagði á fundi utanríkisráðherra ESB-ríkja 3. september sl. að alþjóðasamfélagið verði að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu um málið og hefur hvatt bæði Palestínumenn og Ísraela til að hefja friðarviðræður á ný. Hann hefur einnig lýst því yfir að mikilvægt sé að ná samhljóða afstöðu innan ESB.

Lúxemborg

Utanríkisráðherra Lúxemborgar, Jean Asselborn, bar fram þá ósk á allsherjarþingi SP að aðildarríki SP tækju til greina umsókn Palestínu um aðild að SP og veiti Palestínumönnum sjálfstæði sem þeir eigi rétt á. Viðurkenning muni þó ekki leysa deiluna og friðarviðræður þurfi að hefja aftur sem fyrst.

Við annað tækifæri sagði Asselborn að aðildarríki ESB yrðu að vinna að því að veita Palestínu a.m.k. fulla áheyrnaraðild að SP (*non-member state*).

Noregur

Norsk stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau styðji stofnun Palestínuríkis og það verði gert á viðeigandi tímapunkti ("*when appropriate*"). Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra, hefur lagt áherslu á árangur Palestínumanna á sviði efnahagsmála og við uppbyggingu opinberra stofnana sem geri þá fyllilega hæfa til að sinna ríkisrekstri. Norðmenn hafa útlistað fimm viðmið sem þeir telja mikilvægt að felist í ályktun í allsherjarþingi SP; 1) skuldbinding um að endanleg niðurstaða náist í samningaviðræðum (final status negotiations); 2) tilvísun í fyrri ályktanir SP um tveggja ríkja lausn; 3) tilvísun í ályktun AHLC (Ad Hoc Liaison Committee) í apríl sl. um að stofnanir Palestínumanna séu tilbúnar til að takast á við verkefni og skyldur sjálfstæðs ríkis; 4) ákvæði um að Palestínumenn virði stofnsáttmála SP; og 5) leiðtogar Palestínumanna lýsi því yfir að þeir virði og standi vörð um grunngildi lýðræðis og mannréttinda á sama hátt og leiðtogar Ísraels gerðu við stofnun Ísraelsríkis.

Malta

Forsætisráðherra Möltu, Lawrence Gonzi, sagði í ræðu sinni á allsherjarþingi SP í september sl. að sú þróun sem nú ætti sér stað víða í Mið-Austurlöndum gerði það að verkum að málefni Ísraels og Palestínu væru enn frekar aðkallandi. Í ræðu hans kom einnig fram að Malta styddi tveggja ríkja lausnina. Gonzi lagði áherslu á að markmiðið þyrfti nú að snúast um að Palestínumenn og Ísraelar settust aftur að samningaborðinu.

Malta viðurkenndi sjálfstæði Palestínu árið 1988.

Pólland

Pólland kann að greiða atkvæði með aðild Palestínu að SP að nokkrum skilyrðum uppfylltum. Donald Tusk, forsætisráðherra, sagði við fjölmiðla hinn 19. september sl. að Pólland muni ekki styðja ályktun sem tefli öryggi Ísraels í tvísýnu. Radek Sikorski, utanríkisráðherra, sagði sama dag að Pólland vilji sjá samhljóða afstöðu ESB-ríkja þegar og ef málið kemur til atkvæðagreiðslu hjá SP og undirstrikaði að stuðningur landsins færi eftir texta ályktunarinnar.

Pólland viðurkenndi sjálfstæði Palestínu árið 1988.

Portúgal

Forsætisráðherra Portúgals, Pedro Passos Coelho, sagði á allsherjarþingi SP að alþjóðasamfélagið ætti að virða ósk Palestínumanna um sjálfstæði en jafnframt tryggja öryggi Ísraels. Aðild Palestínu að SP væri rökrétt niðurstaða friðarviðræðna og lýsti hann yfir skilyrðislausum stuðningi Portúgals við bættu aðildarstöðu Palestínu að SP.

Rúmenía

Utanríkisráðherra Rúmeníu, Teodor Baconschi, sagði á allsherjarþingi SP í september sl. að Rúmenía styddi frið í Mið-Austurlöndum og þá meginreglu að ríkin tvö geti lifað saman við frið og öryggi. Hann sagði jafnframt að þessu markmiði yrði ekki náð nema með beinum friðarviðræðum milli Ísraels og Palestínumanna.

Rúmenía viðurkenndi sjálfstæði Palestínu árið 1988.

Slóvakía

Slóvakía hefur ekki birt afstöðu sína um aðild Palestínu að SP.

Tékkóslóvakía viðurkenndi sjálfstæði Palestínu árið 1988 og Slóvakía viðurkennir Palestínu enn í dag.

Slóvenía

Samuel Zbogar, utanríkisráðherra, sagði á þingi Slóveníu að ríkisstjórnin muni ekki birta afstöðu sína um sjálfstæði Palestínu fyrir en utanríkisráðherrar ESB ríkja hafi náð samkomulagi um málið. Hann lagði sérstaka áherslu á hversu mikilvægt það væri að ESB fylgi samhljóða stefnu um átökin fyrir botni Miðjarðarhafsins, en bætti við að núverandi kyrrstaða í Palestínu væri neikvæð.

Spánn

Á allsherjarþingi SP lýsti utanríkisráðherra Spánar, Trinidad Jimenez, því yfir að 66. allsherjarþing gæti orðið sögulegt með því að veita Palestínu fulla áheymaraðild, sem Spánn mundi styðja. Sjálfstæði Palestínumanna væri mikilvægt skref að lausn á átökum Ísraels og Palestínumanna. Einnig undirstrikaði Jimenez stuðning Spánar við tilverurétt Ísraelsríkis sem heimaland gyðinga.

Jimenez sagði í viðtali við *El Pais* að Spánverjar vildu sýna Palestínumönnum samúð í baráttu sinni fyrir sjálfstæði til að styrkja friðarferlið, og að Spánverjar myndu reyna að efla stuðning fyrir viðurkenningu meðal ESB ríkja. Það væri líka mikilvægt að hefja friðarviðræður aftur sem fyrst.

Svíþjóð

Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra, sagði á allsherjarþingi SP að Svíþjóð vilji sjá Ísrael og Palestínumenn hefja friðarviðræður á ný. Reinfeldt hefur sagt sænsk stjórnvöld muni ekki viðurkenna ríki sem stjórnar ekki eigin landi. Hann vísar einnig til ágreinings á milli Fatah á Vesturbakkanum og Hamas á Gasa sem hindrun fyrir viðurkenningu.

Tékkland

Forseti Tékklands, Václav Klaus, sagði á allsherjarþingi SP að báðir aðilar yrðu að yfirbuga öfgaöfl og ná sameiginlegri lausn með samningaviðræðum. Endanleg lausn á deilunni finnist ekki með einhliða aðgerðum Palestínumanna. Sagðist Klaus vera sammála afstöðu Bandaríkjaforseta í málinu.

Tékkóslóvakía viðurkenndi sjálfstæði Palestínu árið 1988 og Tékkland viðurkennir Palestínu enn í dag.

Ungverjaland

Utanríkisráðherra, János Martonyi, hefur sagt að Ungverjaland muni ekki taka opinbera afstöðu um stuðning varðandi aðild Palestínu að SP fyrir en frekari viðræður um málið á milli ESB ríkja hafi átt sér stað. Ungverjaland viðurkenndi sjálfstæði Palestínu árið 1988.

Þýskaland

Kanslari Þýskalands, Angela Merkel, sagði í tilefni fundar með forsætisráðherra Ísraels, Benjamin Netanyahu, í apríl síðastliðnum, að Þjóðverjar styðji tveggja ríkja lausnina en ekki væri víst að einhliða viðurkenning á Palestínu myndi stuðla að friði á svæðinu. Í ræðu sinni á

allsherjarþingi SP í september ítrekaði Guido Westerwelle, utanríkisráðherra, stuðning Þýskalands við sjálfstætt og fullvalda Palestínuríki og að Palestínumenn njóti sjálfsákvörðunarréttar. Sagði hann þar að stofnun Palestínuríkis mætti ekki dragast á langinn. Hins vegar þyrfti öryggi Ísraels að vera tryggt og lausn deilunnar þyrfti að nást með samningum.

Aðild Palestínu að UNESCO

Í kosningum um aðildarumsókn Palestínu að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hinn 31. október 2011 var umsóknin samþykkt. Atkvæði féllu þannig að 107 ríki studdu aðild Palestínu, 14 ríki greiddu atkvæði gegn aðild og 52 ríki sátu hjá.

Atkvæði Evrópuríkja féllu þannig:

Já: Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Grikkland, Írland, Ísland, Kýpur, Lúxemborg, Malta, Noregur, Slóvenía og Spánn.

Nei: Holland, Litháen, Svíþjóð, Tékkland og Þýskaland.

Hjáseta: Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Ungverjaland, Ítalía, Lettland, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía og Sviss.